

Reykjavík 19.04.2024

Umhverfissvið  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

## FYRIRSPURN:

VARÐAR: Reykjavegur 36 - ÍSFUGL

Skv. texta í deiliskipulags skilmálunum fyrir lóðina kemur fram að möguleiki sé á að vera með skyggni eða útitróppur utan byggingarreits.

Sjá meðfylgjandi skjáskot úr deiliskipulagsskilmálum.

## SKILMÁLAR:

## GREINAGERÐ

ÍSFUGL HF. FYRIRHUGAR AÐ BYGGJA 2. HÆÐA  
STEINSTEYPT HÚS MEÐ UTANHÚSKLÆÐNINGU  
VIÐBYGGING VIÐ SLÁTURHÚS SEM ER VIÐ REYKJAVEG  
NR 36 Í MOSFELLSBÆ.

2 HÆÐIR 22 m. Í AUSTUR MEÐ MÖGULEIKA Á SKYGGNI  
EÐA ÚTITRÖPPUM UTAN BYGGINGAREITS.

## Áform:

Lóðarhafi – Ísfugl ehf – hyggur á stækkun húsnæðisins um rúmlega 1.000 m<sup>2</sup>. Hluti af þeirri hönnun snýst um að koma fyrir nýjum aðalinngangi ásamt lokuðu 2ja hæða stigahúsi sem tengir framleiðslueiningu á 1. hæð við starfsmannastöðu á 2. hæð. Einnig eru áform um byggingu einnar hæðar tengingangs utan byggingarreits, ásamt léttu skyggni yfir hjóla standi.

Tengingangurinn og stigahúsið eru afar þýðingarmiklir hlutar hússins þar sem þeir gera byggjanda kleift að halda allri starfsemi og framleiðslu í byggingunni óskertri á meðan á framkvæmdum stendur.

Reynt er að hafa þessa byggingarhluta aðlaðandi í hönnun, þar sem þeir snúa að aðal aðkomu hússins.

Óskað er eftir áliti Umhverfisnefndar á því hvort umræddur byggingarhluti, sem er utan byggingarreits myndi geta túlkast innan þeirra marka sem gulmerktur texti í skilmálum kveður á um. Sjá nánar skýringarmyndir í fylgiskjöllum.

Virðingarfyllst,

---

Jón Hrafn Hlökkversson  
S: 862-7102